



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagurinn, 13. nóvember, 2006

Ákvörðun nr. 42/2006

Kaup OMX AB á Eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Með bréfi, dags. 26. október 2006, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup OMX AB (hér eftir OMX) á öllu hlutafé í Eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings hf. (hér eftir EV). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna.¹ Samrunaskránni fylgdi kaupsamningur, dags. 18. október 2006, auk ýmissa annarra gagna. Á grundvelli upplýsinga sem fram koma í samrunaskránni er það mat Samkeppniseftirlitsins að kaup OMX á öllu hlutafé í EV feli í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

EV er íslenskt hlutafélag. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess er að eiga og fara með hluti í hlutafélögunum Verðbréfaskráningu Íslands hf. og Kauphöll Íslands hf. Í samþykktum þessara félaga kemur fram að tilgangur Verðbréfaskráningar Íslands hf. sé rekstur verðbréfamiðstöðvar, stafræn skráning eignarhalds og réttinda yfir verðbréfum og að annast uppgjör viðskipta með rafrænt skráð verðbréf. Tilgangur Kauphallar Íslands hf. er rekstur kauphallar í samræmi við lög um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða.

OMX er sænskt hlutafélag sem á kauphallir á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum og ýmis félög sem þróa upplýsingakerfi fyrir félög sem meðal annars starfa á verðbréfamörkuðum um allan heim. Markmið félagsins samkvæmt samþykktum þess eru að þróa sjálft eða í gegnum dótturfélög sín upplýsingatæknikerfi og veita tengda þjónustu auk þess að starfrækja kauphallir og annan vettvang fyrir fjármála-, orku- og söluvörumarkaði, greiðslujöfnunarsamtök, verðbréfamiðstöðvar og verðbréfasjóði ásamt því að taka þátt í ráðstöfunum sem eru í samræmi við framangreint.

3.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



Í samrunaskránni kemur fram að meginstarfsemi samrunaaðila sé rekstur kauphalla, skipulegra tilboðsmarkaða, verðbréfamiðstöðva, greiðslujöfnun- og uppgjörsþjónustu og önnur eðlileg starfsemi því tengt. Einnig starfar OMX í upplýsingatækni þessu tengda.

Starfsemi EV og dótturfélaga þess nær eingöngu til Íslands en auk þess er um að ræða aðild Kauphallarinnar að norrænu samstarfi. Félögin eru þau einu sem eru starfandi í þessari atvinnugrein hér á landi. Starfsemi OMX á Íslandi er eingöngu tengd rekstri OMX Technology á Íslandi ehf. en það félag starfar að hugbúnaðargerð. Að öðru leyti starfrækir OMX kauphallir á Norðurlöndunum og í Eyrstrasaltsríkjunum ásamt því að þróa upplýsingakerfi og veita tengda þjónustu víða um heim.

Í samrunaskránni segir að krafa hluthafa og markaðarins, fyrir verðbréf og skilvirkt umhverfi fyrir viðskipti með þau, hafi þróast í gegnum tíðina á innanlandsmörkuðum. Samrunar, einkum stóra félaga, þvert á landamæri hafi átt sér stað og muni áfram viðgangast og jafnvel aukast. Þar sem hagkerfi Norðurlandanna séu hlutfallslega lítil sé hætt við að slík fyrirtæki verði flutt úr viðkomandi landi. Þar af leiðandi verði verðbréfamarkaðir í harðri samkeppni um að halda skráningu á slíkum fyrirtækjum. Það verði sífellt mikilvægara að laða að ný fyrirtæki til skráningar ásamt því að bjóða samkeppnishæft verð til markaðarins til þess að verðbréfafyrirtæki missi ekki skráð fyrirtæki frá sér. Þetta eigi einnig við um kaup og sölu allra/annarra verðbréfa og tengda þjónustu.

Í samrunaskránni er bent á að einstakir norrænir verðbréfamarkaðir (hér er einnig átt við Eyrstrasaltsríkin) séu litlir og meðalstórir í evrópskum samanburði. Hingað til hafi norrænir markaðir þó náð árangri í að bæta upp smæð sína með nýjungum, kostnaðarhagræði og samkeppnishæfu verði. Hins vegar hefur þróunin á undanförunum árum verið sú að kauphallir hafa verið að sameinast. Stærri verðbréfamarkaðir og markaðsaðilar muni halda áfram að sameinast, ekki aðeins í Evrópu heldur einnig beggja vegna Atlantshafsins, og aukist því þörfin á stærðarhagkvæmni. Hlutfallsleg stærð norrænna verðbréfamarkaða sé að minnka.

Þá segir í samrunaskránni að markmið samrunans sé að auka skilvirkni og að auka ávinning hluthafa, útgefenda verðbréfa og markaðsaðila auk þess sem samruninn muni stuðla að enn frekari samþættingu norræns verðbréfamarkaðar. Gert sé ráð fyrir að sameiningin leiði til þess, þegar til lengri tíma sé litið, að auðveldara verði að selja íslensk verðbréf. Samruni OMX og EV er sagður rökrétt skref í áttina að stofnun eins af stærri verðbréfamörkuðum í Evrópu sem geti sótt styrk í einn af leiðandi aðilum í heiminum í upplýsingatækniþjónustu. Samruni OMX og EV muni, vegna auðseljanlegri verðbréfa, auka möguleika hins sameinaða verðbréfafyrirtækis á að vera áfram vettvangur fyrir markaðsaðila.

Fram kemur að EV muni áfram verða skráð íslenskt félag með heimilisfesti á Íslandi og að félagið muni lúta íslenskum lögum og eftirliti íslenskra yfirvalda. Það er sagt samræmast viðskiptastefnu OMX. OMX muni í kjölfar samrunans sækja um skráningu í Kauphöll Íslands hf. Gert sé ráð fyrir því að íslensk fyrirtæki verði hluti af norrænu kauphöllinni í byrjun árs 2007 og í kjölfar þess verði íslensk



fyrirtæki sýnilegri á þeim vettvangi. Á sama tíma verði upplýsingum um íslenska markaðinn dreift með öðrum upplýsingum frá OMX og íslensk verðbréf verði hluti af vísitölum OMX. Vísitölur fyrir íslensk verðbréf muni áfram endurspegla þróunina á íslenska markaðnum.

Í samrunaskránni kemur fram það mat samrunaaðila að samruninn hafi engin áhrif á markaðshlutdeild þeirra á þeim mörkuðum sem um sé að ræða. Áréttað er að samruninn muni hafa jákvæð áhrif fyrir íslenska og erlenda fjárfesta, útgefendur og markaðsaðila, vegna þess möguleika á aukinni hagkvæmni og gagnsæi sem samruninn hafi í för með sér.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaður sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða slík staða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruninn sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að aðhafast vegna samruna OMX og EV á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

II.

Ákvörðunarorð:

„Með kaupsamningi, 18. október 2006, eignaðist OMX AB allt hlutafé í Eignarhaldsfélagi Verðbréfabings hf. Samningur þessi felur í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa samruna.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson